

Hjá Skeljungi ehf er upplýsingaöryggi er órjúfanlegur hlekkur í hagkvæmum og öruggum rekstri upplýsingakerfa félagsins. Félagið fylgir í því upplýsingaöryggisstefnu þessari sem tekur mið af kröfum samkvæmt staðlinum ISO/IEC 27001, stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi. Félagið stefnir einnig á innleiðingu staðalsins.

Tilgangur

Tilgangur upplýsingaöryggisstefnu Skeljungs er að tryggja hlítinu við lög og reglur starfseminnar er varðar öryggi og rekstur upplýsingakerfa, örugga vinnslu upplýsinga og styðja við rekstrarsamfellu félagsins.

Markmið

Það er markmið Skeljungs að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu með traust og öryggi að leiðarljósi hvað varðar upplýsinga þeirra. Það gerir Skeljungur með því að tryggja öryggi, réttleika og hlítinu við lög og reglur fyrir þær upplýsingar sem eru í vörslu og/eða í eigu félagsins.

Í því skyni skal félagið starfrækja verklagsreglur og ferli, sem hluta af stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis, til að framfylgja eftirfarandi markmiðum:

- Að verklag og ferli tryggi að upplýsingar séu réttar og aðeins aðgengilegar þeim sem aðgangsheimild hafa hverju sinni og aðgangsheimildum notenda sé stýrt á formlegan og rekjanlegan hátt.
- Að áhætta vegna vinnslu og varðveislu upplýsinga sé innan skilgreindra áhættumarka og í samræmi við áhættumat.
- Að gera viðskiptavinum og samstarfsaðilum félagsins það kleift að nálgast upplýsingaverðmæti sín með öruggum og hagkvæmum hætti.
- Að fræða starfsfólk markvisst um mikilvægi upplýsingaöryggis og þá ferla sem fylgja skal innan félagsins.

Umfang

Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi nær til starfsmanna, starfsstöðva, þjónustu og upplýsingaverðmæta sem Skeljungur á og hefur umsjón með eða felur öðrum að sjá um í sínu nafni.

Framkvæmd og ábyrgð

Stefna þessi felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur á stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi og skal samþykkt af stjórn félagsins. Stefnan skal vera rýnd árlega og ber forstjóri ábyrgð á framfylgd hennar. Forstjóri felur jafnframt stjórnendum eftirfylgni með tilteknum ákvörðunum og verklagsreglum. Allir lögaðilar sem starfa fyrir fyrirtækið eru skuldbundnir til að vernda upplýsingar gegn óheimilum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, glötun eða flutningi.

Aðilar sem brjóta gegn upplýsingaöryggisstefnu Skeljungs eiga yfir höfði sér áminningu í starfi, uppsögn eða að beitt verði viðeigandi lagalegum ráðstöfunum allt eftir eðli og umfangi brots.

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á ytri vef félagsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum dags. 23. ágúst 2023